

## Fundargerð hreppsnefndar 27. júlí 2018

### Fundur

#### Fundur nr. 4 kjörtímabilið 2018 – 2022

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps föstudaginn 27. júlí 2018 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 12:00.

Mætt til fundar: Sigríður Bragadóttir, Stefán Grímur Rafnsson, Bárður Jónasson, Axel Örn Sveinbjörnsson, Teitur Helgason, Bjartur Aðalbjörnsson og Björn Heiðar Sigurbjörnsson.

Stefán Grímur Rafnsson ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Ráðning Sveitarstjóra.

1.1. Sveitarstjórn hefur unnið ásamt Capacent ráðningum að ráðningu sveitarstjóra.

Alls sóttu 15 um starfið en 3 drógu umsókn sína til baka.

Sveitarstjórn hefur ákveðið að ráða Þór Steinarsson til starfa.

Lagður var fram ráðningarsamningur sveitarstjóra og hann samhljóða samþykktur.

Þór er með meistaraþáttu í stjórnsýslu frá Háskóla Íslands og hefur starfað hjá Reykjavíkurborg frá árinu 2012, þar af sem aðstoðarmaður sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar undanfarnin fimm ár.

Þór mun hefja störf þann 1. ágúst 2018. Sveitarstjórn býður hann velkominn og óskar honum velfarnaðar í starfi.

Fundargerð lesin og borin upp til samþykktar og hún samhljóða samþykkt.

Fundi slitið 12:23